

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 15. desember 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 15⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ákvörðun um álagningarstuðla útsvars og fasteignagjalda 2011**a) Álagning útsvars:**

Samþykkt að útsvarshlutfall árið 2011 verði 13,28% með þeim fyrirvara að nái nauðsynlegar lagabreytingar fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir verði álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011.

b) Álagningastuðlar fasteignagjalda:

Rætt um fyrirliggjandi gögn um álagningarstuðla og samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna útreikninga á nokkrum samanburðarliðum til skoðunar og taka álagningarstuðlana fyrir á næsta fundi.

Fjárhagsáætlun 2011**a) Bréf samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 17. nóv. 2010**

Fyrir fundinum lá bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þar sem minnt er á að sveitarfélögum beri að ljúka gerð fjárhagsáætlana ársins 2011 fyrir 31. desember 2010. Bréfið var til kynningar.

b) Fjárhagsáætlun 2011, fyrri umræða.

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2011 sem oddviti og sveitarstjóri kynntu. Miklar umræður urðu um áætlunina og farið yfir bæði einstaka rekstrarþætti og heildarniðurstöður. Ákveðið að vinna nokkur mál ítarlegar og endurmeta þá í áætlun milli umræðna.

Bréf:**c) Elíasar B. Árnasonar, dags. 7. desember 2010.**

Með bréfinu leitar Elías eftir styrk til útgáfu á tónlistadiskum. Erindinu hafnað með vísan til þess að hægt sé að sækja um styrki til menningarsamnings.

d) Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál, dags. 29. nóvember 2010.
Í bréfinu óskar Arnar Þór Sævarsson fyrir hönd stjórnar byggðasamlagsins eftir að sveitarstjórnir taki til umfjöllunar þá ósk forstöðumanns heimilisiðnaðarsafnsins að byggðasamlagið taki að sér fjárhagsleg samskipti við safnið í stað einstakra sveitarfélaga.
Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að Byggðasamlag um menningu og atvinnumál taki að sér fjárhagsleg samskipti við Heimilisiðnaðarsafnið.

Fundargerðir:

- a) Tómtunda- og menningarmálanefndar, 25.11.2010
Fundargerðin var samþykkt
- b) Byggðasamlags um menningar og atvinnumál, 18.11.2010
Meðfylgjandi fundargerðinni var fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.
Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við meðfylgjandi fjárhagsáætlun.
- c) Samvinnunefndar um svæðisskipulag A-Hún., dags. 8. nóvember 2010
Í fundargerðinni kemur m.a. fram að auglýst hafi verið niðurfelling svæðisskipulags Austur Húnavatnssýslu 2004-2016.
Vegna fyrirhugaðrar niðurfellingar svæðisskipulagsins var svohljóðandi samþykkt gerð:
„Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að fella niður Svæðisskipulag A-Húnavatnssýslu 2004-2016 með fyrirvara um að ekki komi fram athugasemdir á auglýsingartímanum.“
- d) Stjórnar SSKS, dags. 1. desember 2010
Fundargerðin var til kynningar en í tilefni af þeim málum sem fram koma í fundargerðinni samþykkti sveitarstjórn svohljóðandi ályktun:
„Sveitarstjórn Skagastrandar mótmælir harðlega fyrirhuguðum hækkunum á raforku. Verði af fyrirhuguðum 8.3% hækkunum á gjaldskrá Rarik munu þær koma harðast niður á íbúum sem hafa ekki aðra hitunarmöguleika en raforku. Sveitarstjórn telur slíkar hækkunir algerlega óásættanlegar og því verri þar sem í fjárlögum er gert ráð fyrir lækkun á niðurgreiðslu til húshitunar. Sveitarstjórn skorar á fjárlaganefnd að taka umrædda lækkun á fjárlagalið til niðurgreiðslna til endurskoðunar.“
- e) Stjórnar SSNV, 9.11.2010
Fundargerðin var til kynningar.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- f) Stjórnar Norðurár bs. 19.11.2010
Fundargerðin var til kynningar
- g) Stjórnar Norðurár bs. 26.11.2010
Fundargerðin var til kynningar
- h) Stjórnar Norðurár bs. 29.11.2010
Fundargerðin var til kynningar.

Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17⁵⁵

Adolf H. Berndsen,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jensína Lýðsdóttir

Halldór G. Ólafsson,

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Magnús B. Jónsson